

**Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá**

Skýrsla nr. 6

Bátaskrá Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi



**Helgi Máni Sigurðsson
2019**

Inngangur

Hér er fjallað um báta og skip í eigu Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi. Þeir eru nú talsins af ýmsum stærðum og gerðum, sá minnsti er skekta sem m.a. var notuð til að ferja menn milli skips og bryggju, sá stærsti er 86 lesta kúttur. Bátarnir eru án safnnúmers.

Í skýrslu Jóns Allanssonar frá 20. desember 2001 segir m.a.: „Flest allir bátar í eigu safnsins eru í sæmilegu ásigkomulag og er unnið við árlegt viðhald á öllum þeim sem standa úti. Þeir eru málaðir og viðgerðir eftir þörfum en þó mismikið lagt í hvern þeirra eftir ástandi.“ Um langstærsta fleyið, kúttur Sigurfara, segir svo: „Kúttur Sigurfari er eini kútturinn úr þilskipastóli 19. aldar sem varðveittur er á Íslandi. Skipið er því einstæður sýningargripur fyrir minjavörslu allrar þjóðarinnar. Viðhald kúttersins er hins vegar árviss og fjárfrekur liður í rekstraráætlun safnsins, raunar svo kostnaðarsamt að safninu er alger ofraun að sinna því eins og þarft væri.“¹

Árið 2017 var smíðað bátahús yfir smærri bátana á safnsvæðinu. Afdrif kútters Sigurfara eru hins vegar óráðin enn, hvort honum verður bjargað eða hann rifinn. Þó stefnir enn frekar en áður í síðari kostinn því að friðun var létt af honum árið 2019.

Efnisyfirlit

Sæunn MB 9	3
Sigurfari GK 17	9
Engeyjarbátur frá Ytra Hólmi	16
Bátur Péturs Sigurbjörnssonar	18
Prammi eða julla	21
Sæljón AK 25	23
Sigursæll AK 87	26
Smári SI 35	30
Síldin AK 88	34

¹ Jón Allansson: Bátar sem Byggðasafn Akraness og nærsveita hefur eignast eftir 1995. Dags. 20. des. 2001 (skýrsla)



Sæunn MB 9 á sýningu Byggðasafnsins í Görðum, 2017. Ljósmynd: HMS

Sæunn MB 9 ²

1. Skipaskrárnúmer:

2. Tegund: Opinn árabátur, fjögurra manna far

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafnið í Görðum

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1874: Gunnlaugur Jónsson, Másstöðum í Innri – Akraneshreppi, síðar í Sjóbúð á Akranesi.
- 1888: Jón Gunnlaugsson útvegsbóndi á Bræðraparti, Akranesi
- 1958: báturinn er gefinn safninu ³

6. Varðveislustaður: Á sýningu innandyra á Byggðasafninu í Görðum

7. Smíðaár: 1874

8. Smiður:

9. Smíðastaður: Engey

² Umdæmisnúmerið fékk báturinn árið 1904. Heimild: Jón Allansson 2017

³ Lúðvík Kristjánsson s. 298

10. Brúttórúmllestir: 1,05

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,05 x 1,60 x 0,51

Við skráningu árið 1904 voru aðalmál hans lengd 21.1 ft., breidd 4.7 ft., dýpt 1.8 ft. ⁴

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag: Engeyjarlag skv. skilgreiningu. Sæunn er stökkbyrt, en einnig gisbent, skv. Lúðvík Kristjánssyni,⁵ og mjó til enda.

Um sjóhæfni Sæunnar segir Lúðvík Kristjánsson: „Hún hefur verið létt í sjó, ágætur siglingabátur mátulega hlaðin, skorið sig nálægt vindi, verið stöðug, en líklega fremur ágjöfúl.” ⁶

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Siglur eru tvær og stóð sú fremri framan við aukapóftuna, sú aftari var aftan við auturrúmsþóftu. Framsiglan er 2,65 m á hæð, aftursiglan er 2,18 m.

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Sæunn MB 9 á sýningu Byggðasafnsins, 2017. Ljósma.: HMS

20. Notkunarsaga:

⁴ Jón Allansson 2017. Eitt fet er 33,5 sm

⁵ Lúðvík Kristjánsson s. 298. Það er óljóst hvað gisbent merkir í þessu samhengi. Orðið gis merkir gisinn eða strjáll.


⁶ Lúðvík Kristjánsson s. 298

Sæunn hefur verið létt í sjó og ágætur siglingabátur mátulega hlaðin, skv. Lúðvík Kristjánssyni.⁷ Hún er í stærra lagi að lengd og breidd miðað við fjögurra manna för við Faxaflóa um síðustu aldamót.


Í upphafi var venjuleg áhöfn tveir menn með lóðir og handfæri.⁸

Báturinn var upphaflega í eigu Gunnlaugs Jónssonar útvegsbónda og formanns á Mástöðum í Innri – Akraneshrepp, síðar í Sjóbúð á Akranesi. Jón Gunnlaugsson útvegsbóndi á Bræðraparti, Akranesi, sonur Gunnlaugs, eignaðist bátinn 1888 og átti hann eftir það ævilangt, til 1956.⁹

Byggðasafn Akraness eignaðist bátinn árið 1958 og er hann til sýnis þar.



Handfærarúlla af gamalli gerð á Sæunni MB 9, 2017. Ljós: HMS



Seglabúnaður Sæunnar. Teikning: Íslenskir sjávarhættir II, s. 299. Teikning: HJH

⁷ Lúðvík Kristjánsson s. 298

⁸ Jón Allansson 2017

⁹ Lúðvík Kristjánsson bls. 298

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Jón Gunnlaugsson (1868-1956) á Bræðraparti átti og gerði út Sæunni lengst af. Hann gerðist formaður á bát föður síns, Sæunni, tvítugur að aldri og var mikill aflamaður og stjórnandi.¹⁰ Vafalaust hefur hann sótt á hefðbundin mið Akurnesinga. En hann gerði fleira en sækja sjóinn því að hann var vitavörður á Breiðinni 1919-1946, þ.e. meðan eldri vitinn var í notkun. Annað sem hann var þekktur fyrir var frásagnargáfa. Hann var einn þekktasti sagnamaður á Skaganum og eru nokkrar sagnanna skráðar í bókinni *Sporaslóð*.¹¹



Guðlaug og Jón Gunnlaugsson á Bræðraparti. Ljósmynd: Saga Akraness.

Í *Sögu Akraness* er Jóni lýst á þennan veg: „Hann var hægur maður í fasi og þrúður í framgöngu, hlédrægur var hann og kom ekki oft á mannamót ... Hann tók vel eftir öllu sem fram fór í kringum hann, sérstaklega öllu er snerti dagleg störf hans á sjó eða landi: Um veður og sjólag, um fuglaferðir og fiskigöngur. Á öllu þessu kunni Jón góð skil og sagði af því margar sögur. Sagði hann nákvæmlega frá af miklum sannfæringarkrafti og þunga ... Þótti sumum sem sagnir þessar væru ýktar og líkari skáldlegum tilþrifum.”¹²

Bræðrapartur stóð á Breiðinni á Akranesi. Hann er nokkuð sögufræg jörð en þar eru heimildir fyrir byggð síðan 1706 en byggð lagðist þar af á í Básendaflóðinu 1798-1799. Árið 1824 var byggður torfbær þar en eftir að hann hafði lokið hlutverki sínu var byggt þar fyrsta steinhúsið á Akranesi af Þorsteini Sveinssyni árið 1864. Steinbærinn stóð til 1908. Þá reif Jón Gunnlaugsson húsið og byggði sér tréhús sem stóð á Breiðinni til 17. september 2007 þegar það var flutt á Suðurgötuna.¹³

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

¹⁰ Bragi Þórðarson s. 174

¹¹ Bragi Þórðarson s. 175-187

¹² Bragi Þórðarson s. 174

¹³ Öldungurinn Bræðrapartur fluttur á Suðurgötuna. Skessuhorn 18.9. 2007

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir 2. bindi, Rvk. 1982, bls. 298-301.
- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rvk. 1995.
- Öldungurinn Bræðrapartur fluttur á Suðurgötuna. Skessuhorn 18.9. 2007
- Bragi Þórðarson: Sporaslóð. Akranes 2009.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur


27. Almenn umsögn:

Báturinn er góður fulltrúi fjögurra manna fara með Engeyjarlagi, eins og Lúðvík Kristjánsson nefnir.¹⁴



Sæunn MB 9 á sýningu Byggðasafnsins, 2017. Guðmundur, starfsmaður safnsins, stendur við bátinn. Ljósm.: HMS

¹⁴Lúðvík Kristjánsson bls. 298



Teikning af Sæunni MB 9. Mynd: Íslenskir sjávarhættir II s. 300-301



Segl á Sæunni MB 9 á sýningu Byggðasafnsins, 2017. Ljóssm.: HMS



Sigurfari GK 17 á safnlóð Byggðasafnsins í Görðum, 2017. Ljós.: HMS

Sigurfari GK 17

1. Skipaskrárnúmer:

2. Tegund: Kúttur, seglskip, þilskip

3. Hlutverk: Fiskiskip

4. Eigandi: Byggðasafnið í Görðum

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og útgerðarstaðir:

- 1885: *Bacchante*; Hull, Englandi
- 1897: *Guðrún Blöndahl*; Hafnarfirði
- 1899: *Sigurfari* GK 17; Seltjarnarnes
- 1908: *Sigurfari* RE 17; HP Duus, Reykjavík
- 1919: *Sigurfari* KG 378; Klakksvík í Færeyjum
- 1970: Skipinu er lagt

– 1974: Sigurfari er keyptur til Íslands ¹⁵

6. Varðveislustaður: Safnsvæði Byggðasafnsins á Akranesi

7. Smíðaár: 1885

8. Hönnuður / yfirsmiður:

9. Skipasmíðastöð: Burton-on-Statcher, nærri Hull í Englandi

10. Brúttórúmllestir: 86

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 25,9 x 7,1 x 3,48 (77.7 fet, 21.3 fet og 10.4 fet. Gert ráð fyrir að hvert fet sé 33,5 sm)

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Eik; sléttsúð

13. Skrokklag: Kútterslag: Stefni er lóðrétt; beint, hekk að aftan

14. Þilfar: alþilja

15. Yfirbygging: Lúkars- og káetukappi

16. Lokuð rými: Lest, lúkar, káeta

17. Möstur og seglabúnaður: Frammastur og afturmastur

18. Vél: Vél var í skipinu á meðan það var í Færeyjum

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Sigurfari var gerður út frá ensku borginni Hull á árunum 1885–1897 og hét þá Bacchante. Um aldamótin 1900 voru Englendingar að vélvæða fiskiskipaflota sinn og við það lækkuðu kúttarar í verði.

Sigurfari var keyptur til Hafnarfjarðar árið 1897 og var gerður þaðan út til 1899 undir nafninu Guðrún Blöndahl. Árin 1899–1908 var hann gerður út frá Seltjarnarnesi undir nafninu Sigurfari GK 17. Fyrirtækið HP Duus í Reykjavík keypti skipið 1908 og gerði það út undir nafninu Sigurfari RE 17, fram til 1919 er það var selt til Færeyja. Um það leyti voru Íslendingar að snúa sér að togveiðum í auknum mæli.

Kúttarinn var gerður út frá Klakksvík í Færeyjum í hálfa öld, 1920-1970, og hét þá Sigurfari KG 378. Á þeim árum voru gerðar á honum ýmsar breytingar, m.a. sett í hann vél.

Sigurfari var keyptur til Akraness árið 1974 og færður í upprunalegt horf á vegum Byggðasafnsins í Görðum á árunum 1974–1985. Hann stendur nú á útisvæðinu við Byggðasafnið og er þar til sýnis. Ekki er lengur heimilt að fara um borð í hann eins og var lengst af. Framtíð kúttars Sigurfara er óljós enn, ekki er búið að taka endanlega ákvörðun um afdrif hans en friðun var aflétt árið 2019.¹⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Kúttar Sigurfari lenti í miklum hrakningum á leið sinni frá Íslandi til Færeyja árið 1919.

¹⁵ Jón Allansson 2017. Þessi skrá er sennilega ekki tæmandi.

¹⁶ Jón Allansson 2017

Hann var keyptur til Akraness árið 1974. Það var virðingarvert verkefni að varðveita kúttur til minja um eitt merkilegasta tímabilið í atvinnu- og útgerðarsögu landsins, skútuöldina.¹⁷

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Sigurfara var breytt talsvert á árunum 1920-1970. Þegar hann kom til landsins aftur, 1974, varð það sett sem forgangsverkefni að færa hann í upprunalegt horf og var það gert á árunum til 1985. Hann var tekinn í slipp skipasmíðastöðvarinnar Þorgeirs & Ellerts á Akranesi haustið 1974, þar sem tekin var úr honum vél, stýrishús, beitingarskýli, möstur o.fl. Sumarið 1975 var hann fluttur á byggðasafnið í Görðum.

Skipið var að mestu komið í sitt upprunalega horf á 100 ára afmæli þess sumarið 1985 þegar það var opnað formlega til sýnis. Þó vantaði nokkuð upp á að hægt væri að klára innréttingu í káetu, gerð og uppsetningu seglabúnaðar og fleira smálegt ofan þilja.¹⁸



Sigurfari á safnlóð Byggðasafnsins, 2017. Ljós.: HMS

24. Viðhald og viðgerðir:

Árin 1977-1978 lágu framkvæmdir við skipið niðri þar sem allar tekjur Sigurfarasjóðs, sem stofnaður hafði verið til að fjármagna skipið, fóru í að greiða niður skuldir vegna flutninganna. Sumarið 1979 hófust viðgerðir undir stjórn Jóhanns Ársælssonar, skipasmiðs á Akranesi. Það ár var unnið í 3 mánuði, einkum við hreinsun og þéttingu á dekki.

Árið 1980 var haldið áfram við þéttingu skipsins og hreinsað úr byrðingi. Sama ár fóru aðstandendur skipsins í kynnisferð til Færeyja og fengu þar mastur af systurskipi

¹⁷ Jón Allansson 2017

¹⁸ Jón Allansson 2017

Sigurfara, Riddaranum. Árið 1981 var unnið við þéttingu og hreinsun, gert við stórmastrið, smíðað afturmastur, öldustokkur, efnað niður í borðstokk o.fl.

Tveir skipasmiðir voru ráðnir að verkinu árið 1982 og var hafist handa við endurbætur á undirstöðum skipsins, gengið frá strákjöl, borðstokk, svínahrygg, innrastefni, nálabekkjum o.fl. Þá var hekkið endurnýjað, byrðingurinn slípaður og málaður og stýri endurnýjað.¹⁹

Frá því að skipið var opnað almenningi árið 1985 hefur reynst erfitt að tryggja fjármagn til viðhalds þess og er það nú í slæmu ástandi. Ítarlegasta heimildin um ástand Sigurfara nú er sennilega samantekt hóps um skipið frá árinu 2011, 10 bls.

Árið 2015 fór bæjarstjóri Akraness þess á leit við Þjóðminjasafn Íslands að safnið veitti ráðgjöf og úrræði hvað varðar varðveislu skipsins. Fékk safnið reyndan skipasmið til að taka út skipið í maí 2015. Niðurstaða hans var að skipið væri í afar lélegu ástandi. Mælti Þjóðminjasafnið með því að styrkur frá Minjastofnun Íslands, sem veittur hafði verið sama ár, yrði nýttur til þess að ráða verkefnisstjóra til að meta þær leiðir sem færar væru við varðveislu skipsins. Afrakstur þeirrar vinnu var skýrsla sem út kom árið eftir, 2016, og ráðstefna í ársbyrjun 2017. Hvorki skýrslan né ráðstefnan skilaði afgerandi niðurstöðu.²⁰

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017. Skýrsla.
- Sjómannadagsblað Akraness 1985, 1. árg. bls. 5 – 48. (Um endurgerð og sögu kútters Sigurfara.)
- Samantekt hóps um kúttir Sigurfara. Febrúar 2011. Fjölrit.
- Eva Kristín Dal: Framtíðarvarðveisla kútters Sigurfara. Skýrsla. Akranesi 2016. akranes.is

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Sigurfari er eina varðveitta þilskipið frá skútuöldinni hér á landi, árunum 1870-1920. Hann er þannig minnisvarði um þilskipavæðingu íslenska fiskveiðiflotans í lok 19. aldar.

Þilskipavæðingin markaði mikil tímamót í sjávarútvegsögu Íslands, var í rauninni fyrsta afgerandi breytingin sem orðið hafði í 1000 ár. Fram að því höfðu íslenskir sjómenn nær eingöngu notast við opna árabáta sem komust skammt frá landi og í stuttan tíma í senn vegna erfiðs sjólags og misjafnra veðra við landið.

Sigurfari var aldrei gerður út frá Akranesi og skútuútgerð þaðan var lítil. Skipið hefur þess vegna einkum gildi fyrir sögu íslensks sjávarútvegs í heild, er fyrst og fremst einstæður safngripur fyrir minjavörslu þjóðarinnar.

Gildi Sigurfara fyrir Akraneskaupstað og Byggðasafnið í Görðum felst í því að hann hefur sett svip sinn á bæinn um langt skeið og gefur safninu mun meira vægi en ella.

¹⁹ Jón Allansson 2017

²⁰ Eva Kristín Dal bls. 3

Skipið hefur verið endurgert að miklum hluta og lítið er eftir af upprunalegum efnivið. Ástand skipsins er bágborið.²¹




Af dekki Sigurfara, 2017. Framstefnið og akkerisvinda. Ljós.: HMS



Af dekki Sigurfara, 2017. Skuturinn. Ljós.: HMS

²¹ Eva Kristín Dal bls. 28



Undir þiljum í Sigurfara, 2017. Fremsta rýmið, lúkarinn. Ljósma.: HMS



Undir þiljum í Sigurfara, 2017. Eldavélin í lúkarnum. Ljósma.: HMS



Undir þiljum í Sigurfara, 2017. Fiskilestin í miðju skipi. Ljósma.: HMS



Undir þiljum í Sigurfara, 2017. Böndin á botninum eru svo þétt, að þau eru nálægt því að snertast sumstaðar. Ljós.: HMS



Undir þiljum í Sigurfara, 2017. Loftið í fiskilestinni. Laus málning hangir niður. Fiskilestin er stærsta rýmið neðan þilja og var notuð fyrir minni samkomur á tímabili. Ljós.: HMS



Engeyjarbátur frá Ytra-Hólmi í geymslu á vegum Akranesbæjar, 2017. Ljós.: HMS

Engeyjarbátur frá Ytra-Hólmi

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; fjögurra manna far

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafnið í Görðum (frá 2006)

5. Fyrri eigendur:

- Oddgeir Ottesen (1857-1918), verslunarmaður og hreppstjóri
- Oddur Pétur Ottesen (1888-1968), alþingismaður²²

6. Varðveislustaður: Í geymslu á vegum Akranesbæjar.

7. Smíðaár: 1904

8. Smiður:

9. Smíðastaður

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,66 x 1,67 x 0,60

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Engeyjarlag

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

²² Jón Allansson 2017

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður: Tvær árar

20. Notkunarsaga:

Engeyjarfar frá Ytra-Hólmi, Hvalfjarðarsveit, áður Innri-Akraneshrepp. Bátinn áttu frá upphafi feðgarnir Oddgeir Ottesen verslunarmaður og hreppstjóri og sonur hans Oddur Pétur Ottesen, alþingismaður.

Bátnum var aðallega siglt inn að bauju hjá Brautarholti til fiskjar. Oddur Pétur Ottesen réri síðast á honum til grásleppuveiða 1968 og var bátnum þá lagt. Var hann í geymslu á Ytra-Hólmi þar til hann var gefinn Byggðasafninu í Görðum árið 2006.²³

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Pétur Ottesen (1888-1968), Ytra-Hólmi í Innri-Akraneshreppi, var alþingismaður fyrir Borgarfjörð frá 1916 til 1959. Pétur er sá þingmaður sem setið hefur lengst á þingi eða tæp 43 ár.²⁴

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.

(Til er ævisaga Péturs Ottesen)

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

27. Almenn umsögn / varðveislumat: Vel með farinn.



Engeyjarbátur frá Ytra-Hólmi í geymslu, 2017. Ljós.: HMS

²³ Jón Allansson 2017

²⁴ althingi.is



Bátur Péturs Sigurbjörnssonar í geymslu á Byggðasafninu í Görðum, 2017. Ljós.: HMS

Bátur Péturs Sigurbjörnssonar

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, fjögurra manna far

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafnið í Görðum

5. Fyrri eigandi:

– Pétur Sigurbjörnsson, Akranesi

6. Varðveislustaður: Byggðasafnið í Görðum, geymsluhús

7. Smíðaár: 1935

8. Smiður:

Magnús Magnússon (1876-1949), smiður í Söndum, Akranesi, smíðaði bátinn. Hann stundaði báta- og skipasmíðar lengi. Þessi bátur er talinn með þeim síðustu sem hann smíðaði. Húsið Sandar er varðveitt á safnsvæðinu í Görðum en viðbyggingin við það var bátasmíðastöð Magnúsar.

9. Smíðastaður: Sandar, Akranesi

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,40 x 1,52 x 0,59

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:



Húsið Sandar, Akranesi, nú á byggðasafninu í Görðum. Í viðbyggingu þess var bátur Péturs Björnssonar smíðaður. Húsið er vel standsett, eins og sjá má. Ljósm. Byggðasafnið Görðum 2012

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Ath.

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Eigandinn, Pétur Sigurbjörnsson vélstjóri frá Blómsturvöllum á Akranesi, stundaði sjó frá unga aldri á stærri skipum. Hann notaði bátinn á grásleppu og sér til gamans á skak.²⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Magnús Magnússon (1876, d. 1949) bátasmiður var giftur Guðrúnu Símonardóttur (1888-1965). Bjuggu þau á Söndum á Akranesi. Börn þeirra voru 13 og fæddust á árunum 1909-1931. Elsta systkinið amk, Magnús, var einnig skipasmiður, vann í rúm 50 ár hjá sama fyrirtækinu, Þorgeiri og Ellert hf.²⁶

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

²⁵ Jón Allansson

²⁶ Minningargrein um Magnús Magnússon yngri. Mbl. 22.10. 1999

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.
- Minningargrein um Magnús Magnússon yngri. Mbl. 22.10. 1999

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur**27. Almenn umsögn / varðveislumat:**

Gott eintak, vel með farið, sennilega nokkurn veginn eins og báturinn var upprunalega.



Bátur Péturs Sigurbjörnssonar, í geymsluhúsi í Görðum, 2017. Ljósm.: HMS



Prammi, í geymsluhúsi í Görðum, 2017. Ljós.: HMS

Prammi eða julla

1. Safnnúmer:

2. **Tegund:** Árabátur; líklega síðar með utanborðsmótor

3. **Hlutverk:** Flutningabátur; síðast fiskibátur

4. **Eigandi:** Byggðasafnið í Görðum

5. Fyrri eigendur:

- Síðasti eigandi og notandi: Guðmundur Björnsson bóndi á Arkalæk

6. **Varðveislustaður:** Geymsla á Byggðasafninu í Görðum ²⁷

7. **Smíðaár:** 1935-1940 líklega

8. **Hönnuður / yfirsmiður:**

9. **Smíðastaður:** Að líkindum smíðaður á Akranesi

10. **Brúttórúmllestir:**

11. **Lengd, breidd og dýpt í m:** 3,41 x 1,42 x 0,48 (dýpt mæld að innanverðu)

12. **Smíðaeefni og samsetning skrokks:** Viður; súðbyrtur

13. **Skrokklag:** Með lítinn gafl á framstefni og stóran gafl á skut, sem utanborðsmótor

²⁷ Litlir bátar eins og þessi voru ýmist kallaðir prammar, jullur, skektur eða léttbátar. Það fór líklega eitthvað eftir stöðum á landinu, notkuninni á bátunum o.fl.

hefur líklega verið settur á. Frammjór. Grunnsigldur.

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: (utanborðsmótor)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var notaður til að ferja menn út í skip og báta sem voru úti á legunni við Akranes, lágu við ból. Hann var einnig notaður við sementsflutningaferjuna sem kom til Akraness á árunum eftir stríð, 1945, þegar verið var að flytja efni í höfnina.

Guðmundur Björnsson bóndi á Arkarlæk, sem er norðan undir Akrafjalli, keypti pramman og gerði hann upp, bætti einu umfari ofan á borðstokk og notaði hann til silungsveiða á Arkarlæk.²⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Umfari bætt ofan á borðstokk.

24. Viðhald og viðgerðir:

Guðmundur Björnsson bóndi á Arkarlæk gerði hann upp þegar hann keypti hann.

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi, skýrsla 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður; óskráður safngripur

27. Almenn umsögn / varðveislumat: Gott eintak.

²⁸ Jón Allansson 2017



Sæljón AK 24 á safnsvæði Byggðasafnsins, 2011. Ljósmynd: Byggðasafnið í Görðum

Sæljón AK 24

1. **Skipaskrárnúmer:** 5010 ²⁹
2. **Tegund:** Opinn vélbátur
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Byggðasafnið í Görðum
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
 - 1954: Magnús Vilhjálmsson, Efstabæ, og Ólafur Finnbogason, Geirmundarbæ, Akranesi
 - 1986: Húni AK 124; Karl Hallbertsson, Akranesi (grásleppuveiðar)
 - Karl gaf safninu bátinn árið 1999³⁰
6. **Varðveislustaður:** Byggðasafnið í Görðum, útisvæði
7. **Smíðaár:** 1954
8. **Yfirsmiður:** Ingi Guðmonsson, bátasmiður
9. **Skipasmíðastöð:** Bátastöð Akraness

²⁹ Jón Björnsson s. 25.

³⁰ Jón Allansson 2017, Jón Björnsson s. 25

10. Brúttórúmllestir: 5,23

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 9.68 x 2,59 x 1,10

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Með hallandi stefni en að aftan skutbjúgur (bjúgur = boginn)

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús og vélarhús

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Með framsiglu

18. Vél:

- Lister

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var á línu og netum; mest grásleppunet og handfæri seinni árin. Hann var lengst af í eigu Magnúsar Vilhjálmssonar, sjómanns frá Efstabæ á Akranesi. Síðasti eigandi var Karl Hallbertsson á Akranesi og gerði hann bátinn út frá Djúpuvík á Ströndum. Karl gaf safninu bátinn til varðveislu árið 1999.³¹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar 1. s. 25

26. Varðveislustaða: Safngripur

27. Almenn umsögn:

³¹ Jón Allansson 2017



Sæljón AK 24 sótt til Djúpuvíkur, 2002. Ljós.: Byggðasafnið Görðum



Sæljón AK 24 undir segli í nýja bátskýlinu, 2017. Ljós.: HMS



Sæljón AK 24 í nýja bátskýlinu, 2017. Ljós.: HMS



Sigursæll AK 87 á safnsvæði Byggðasafnsins. Stýrishúsið sem vantar á hann líktist stýrishúsinu á bátum við hliðina, Sæljóni, sem sami maður smíðaði. Ljós.: Byggðasafnið í Görðum.

Sigursæll AK 87

1. **Skipaskrárnúmer:** 5017
2. **Tegund:** Opinn vélbátur
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Byggðasafnið í Görðum, Akranesi, frá 1995
5. **Fyrri eigandi:**
 - 1972: Halldór Árnason (fyrst skráður 8. nóv. 1972)
 - 1980: Einar Árnason
 - 1995: tekinn af skrá ³²
6. **Varðveislustaður:** Byggðasafnið í Görðum, útisvæði
7. **Smíðaár:** 1954 -1955
8. **Yfirsmiður:** Ingi Guðmonsson (1902-1992) skipasmíðameistari
9. **Skipasmíðastöð:** Bátastöð Akraness

³² Jón Björnsson. Íslensk skip. Bátar I bls. 21

10. Brúttórúmllestir: 6,77

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 10,2 x 2,75 x 1,27

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura; skarsúðaður³³

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Framsigla

18. Vél:

- Garndner vél 36 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var alla tíð gerður út á línu og net og var lengst af í eigu Einars Árnasonar, skipstjóra frá Sóleyjartungu á Akranesi.³⁴



Sigursæll AK 87 á siglingu eins og hann var lengst af, með stýrishúsi og framsiglu. Ljós.: Jón Björnsson

³³ Jón Allansson 2017

³⁴ Jón Allansson 2017



Sigursæll AK 87 í slipp árið 1995. Ljósmynd: Byggðasafnið í Görðum

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Einar Ólafsson frá Sóleyjartungu (1921-2004) hóf ungur sjómennsku og lauk skipstjórnarprófi frá stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1965. Hann var um árabíl skipstjóri á bátum hjá Haraldi Böðvarssyni og síðar á sínum eigin skipum.³⁵

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn þarfaðist mikilla lagfæringa þegar hann var gefinn safninu og fóru þær fram árið 1996. Enn vantar þó á hann stýrishúsið og framsigluna, sem voru á honum árið sem hann var gefinn.

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017 (skýrsla)
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. 1995.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar I s. 21-22
- Minningargrein í Mbl. 11. júní 2004

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn / varðveislumat: Ath.

³⁵ Minningargrein í Mbl. 11. júní 2004



Sigursæll AK 87, janúar 1995. Einar Árnason, sem réri á honum síðustu 15 árin, er um borð. Ljós.: Byggðasafnið í Görðum.



Sigursæll AK 87, skuturinn. Ljós.: HMS 2017



*Smári SI 35 á lóð Byggðasafnsins, 2011. Einhverjir óprúttir höfðu brotið stýrishúsið.
Ljósmynd: Byggðasafnið í Görðum*

Smári SI 35

1. **Skipaskrárnúmer:** 5302
2. **Tegund:** Hálfopinn vélbátur
3. **Hlutverk:** Fiskibátur
4. **Eigandi:** Byggðasafnið í Görðum
5. **Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:**
 - 1957: Jóhann Gunnlaugsson SI 75, Jón M. Jóhannsson, Siglufirði
 - 1972: Salmann Kristjánsson, Siglufirði
 - 1978: Jón H. Pálsson og Róbert Pálsson, Siglufirði
 - 1981: Smári EA 135, Gunnar Jakobsson, Akureyri
 - 1990: Hermann Skírnir Daðason, Grýtubakkafirði
 - 1991: Stefanía ST 91; Guðbrandur Kristvinsson, Kaldrananesi
 - 1994-5: Tekinn af skrá. Byggðasafnið.³⁶
6. **Varðveislustaður:** Byggðasafnið í Görðum, útisvæði

³⁶ Jón Björnsson Íslensk skip. Bátar III s. 197. Heimild vantar um hvenær báturinn bar umdæmisnúmerið SI 35.

7. Smíðaár: 1957

8. Smiður: Kristján Sigurðsson, bátasmiður

9. Smíðastaður: Siglufjörður

10. Brúttórúmllestir: 4

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 8,06 x 2,16 x 1,01

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Fura og eik; súðbyrtur

13. Skrokklag: Framstefnið er lóðrétt og afturhlutinn er sporbaugslagaður ³⁷

14. Þilför:

15. Yfirbygging: Stýrishús

16. Lokuð rými: Lúkar, vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður: Með eina siglu

18. Vél: SABB 16 hö

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var gerður út á línu og net. Hann hét upphaflega Jóhann Gunnlaugsson SI 75. Hann var gerður út frá Siglufirði 1957 – 1983, Akureyri 1983 – 1991 og Hólmavík 1991 – 1994. Að lokinni myndatöku sjónvarpsmyndar var Byggðasafni Akraness gefinn báturinn og kom hann til safnsins í september 1994.³⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Árið 1994 fékk Ríkissjónvarpið bátinn til afnota við gerð sjónvarpsmyndar sem tekin var þá um sumarið við Arnarstapa á Snæfellsnesi.

22. Ástand báts: Skrokkur er nokkuð heill; annað er lélegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017 (skýrsla)
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Rv. 1995.
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar III s. 197. Rvk. 1999.
- Sjónvarpsmynd RÚV árið 1994 (sjá lið 22)


26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Algeng gerð af litlum fiskibát.

³⁷ Jón Allansson 2017

³⁸ Jón Allansson 2017



Smári SI 35, þ.e. Stefanía ST 91, á floti. Ljósma.: Jón Björnsson / Íslensk skip III



Smári SI 35 árið 1995. Ljósma.: Byggðasafnið í Görðum



Smári SI 35 á leið í skjól í nýja bátahúsinu við Byggðasafnið í Görðum, 2017. Ljósma.: HMS



Smári SI 35, 2017, horft niður á hann. Ljósma.: HMS.



Smári SI 35, 2017, skutur. Ljósma.: HMS



Síldin AK 88 á safnsvæði Byggðasafnsins. Báturinn var án stýrishúss þegar safnið fékk hann. Ljósmynd: Byggðasafnið í Görðum

Síldin AK 88

1. Skipaskrárnúmer: 468

2. Tegund: Vélbátur með þilfari

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafnið í Görðum

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1962: Guðbjartur ÍS 121, Bolungarvík; Sigurður Guðbjartsson, Pétur Runólfsson, Kristján Guðbjartsson og Elías Guðbjartsson
- 1969: Sæbjörn ÍS 121, Bolungarvík, Elías Ketilsson
- 1977: Síldin AK 88, Akranesi; Guðjón Gíslason
- 1987: Sæþór AK, Akranesi; Hlöðver Sigurðsson og Gestur Sveinbjörnsson
- 1992: Auður II AK, Akranesi; Guðfinnur Birgisson og Sævar Sigurðsson, Akranesi
- 1994: Báturinn var afskráður og gefinn Byggðasafni Akraness.³⁹

6. Varðveislustaður: Byggðasafnið í Görðum

7. Smíðaár: 1962

³⁹ Jón Björnsson bls. 96

8. Skipasmíðastöð: Skipasmíðastöð Marsellíusar Bernharðssonar

9. Smíðastaður: Ísafjörður

10. Brúttórúmllestir: 6,36 (5 brl upphaflega en endurmældur árið 1990)

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 8,83 x 2,95 x 1,04

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Með bogmynduðu stefni en afturhlutinn er skutbjúgur (bjúgur = boginn)

14. Þilför: Alþiljaður

15. Yfirbygging: Stýrishús (kom án þess á safnið), lúkarskappi

16. Lokuð rými: Lúkar, lest, vélarrúm

17. Möstur og seglabúnaður: Með tveimur siglum

18. Vél:

- 1962: Penta vél 35 hö
- 1971: Lister vél 44 hö
- Mitsubishi vél 46 kW ⁴⁰

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Síldin AK 88 (Auður II) árið 1995. Ljós.: Byggðasafnið í Görðum

20. Notkunarsaga:

Báturinn var skráður á Bolungarvík frá 1962 til 1977 og hét upphaflega Guðbjartur ÍS 121 en fékk nafnið Sæbjörn ÍS 121 árið 1969.

⁴⁰ Jón Björnsson bls. 96

Hann var seldur til Akraness árið 1977 og gerður þaðan út til 1994 er hann var afskráður og gefinn Byggðasafni Akraness. Á Akranesi var hann gerður út undir nöfnunum Síldin AK 88 (1977–1987), Sæþór AK (1987–1992) og Auður II (1992–1994).⁴¹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu Byggðasafnsins að Görðum, Akranesi 2017
- Jón Björnsson: Íslensk skip. Bátar II bls. 95
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. 1995.

26. Varðveislustaða: Óskráður safngripur

27. Almenn umsögn:

Með hliðsjón af lélegu ástandi bátsins orkar etv. tvímælis að gera við hann, sbr. myndina hér fyrir neðan.



Síldin AK 88, 2017. Dekkið er horfið, aðallega vegna fúa. Ljós.: HMS

⁴¹ Jón Allansson 2017